

Þriðjudaginn 3. september 1991.

Nr. 363/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Arnari Má Þórissyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Varnaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála með yfirlýsingu í þinghaldi í sakadómi Reykjavíkur við uppkvaðningu úrskurðarins 29. ágúst 1991. Krafðist hann niðurfellingar úrskurðarins.

Með bréfi til Hæstaréttar 30. ágúst 1991 krafðist ríkissaksóknari staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Mál þetta barst Hæstarétti föstudaginn 30. ágúst 1991 kl. 10.17. Gæsluvarðhaldstími varnaraðila samkvæmt hinum kærða úrskurði rann út kl. 16.00 í gær, mánudaginn 2. september. Engin kröfugerð hefur borist til Hæstaréttar frá varnaraðila.

Með hliðsjón af framansögðu þykir ekki þörf á að kveða upp efnisdóm í málinu, og ber að vísa því frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 29. ágúst 1991.

Ár 1991, fimmtudaginn 29. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Arnari Má Þórissyni, kt. 231073-3379, Skelja-granda 6, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til mánudags 2. september nk. kl. 16.00.

RLR vinnur nú að rannsókn innbrota, sem framin voru á Akureyri aðfaranótt sl. mánudags, en þar var m.a. brotist inn í bílaverkstæðið Bílaver, Draupnisgötu 7 L, og stolið þar ávísunum, reiðufé og áfengi. Við frekari

rannsókn kom í ljós, að brotist hafði verið inn í þrjú önnur fyrirtæki í þessu sama húsi.

Kærði hefur viðurkennt aðild sína að innbrotum þessum og að hann hafi verið þar í félagi við X. Þessu til viðbótar hefur hann viðurkennt að hafa ásamt X brotist inn í útibú Kaupfélags Skagfirðinga í Varmahlíð sömu nótt og stolið þar peningum og peningaskáp. Einnig hefur hann viðurkennt, að þeir X hafi þessa sömu nótt brotist inn í söluskála Esso á Blönduósi og stolið þar peningum. Hafi þeir samtals haft upp úr kafsínu u.þ.b. kr. 80.000 í reiðufé og kr. 130.000 í ávísunum.

Kærði var handtekinn á Keflavíkurflugvelli síðdegis í fyrradag og færður til yfirheyrslu hjá RLR. Þar gaf hann upp kennitölu tvíburabróður síns, Borgars Þórs, og undirritaði skýrslur með því nafni. Var af hálfu RLR í gær lögð fram krafa um gæsluvarðhald á hendur téðum Borgari Þór, enda talið, að það væri nafn kærða. Þegar kærði kom fyrir dóm í gær, gaf hann einnig upp það nafn, en síðdegis í gær upplýstist við samanburð á fingraförum bræðranna, að hér er um Arnar Má að ræða. Eftir að þetta upplýstist, breytti RLR kröfu sinni í þá veru, að hún ætti við Arnar Má, en að öðru leyti stæði hún óbreytt, þar sem sama persóna hefði komið fyrir dóminn og handtekin var sl. þriðjudag.

Þessari skoðun hefur réttargæslumaður kærða mótmælt og telur, að gera þurfi sérstaka kröfu á hendur Arnari Má. Ekki verður fallist á þetta sjónarmið lögmannsins, þar sein allan tímann hefur verið um að ræða sama manninn og réttlætanager ástæður fyrir því, að rannsóknaraðilar hafi villst á honum og bróður hans.

Kærði er undir rökstuddum grun um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þótt hann hafi nú fyrir dóminum greiðlega skýrt frá brotum þeim, sem hann er grunaður um, þykir þó enn vera hættu á, að hann nái að spilla sakargögnum, haldi hann óskertu frelsi sínu.

Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, verður krafa RLR um gæsluvarðhald yfir kærða því tekin til greina, eins og hún er fram sett.

Úrskurðarorð:

Kærði, Arnar Már Þórisson, kt. 231073-3379, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til mánudags 2. september nk. kl. 16.00.